

Föstudaginn 1. mars 1974.

Nr. 143/1973: **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari)
gegn

Gesti Þorsteinssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

Jens Rúnari Ingólfssyni

(Jóhannes L. L. Helgason hrl.)

Hlyni Höskuldssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

Erni Ingólfssyni

(Ingi R. Helgason hrl.)

Sigurði Tómasi Garðarssyni

(Jón Finnsson hrl.)

og Harald Guðbergi Haraldssyni

(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóمندur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds, Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thor-
arensen borgarlógeti.**

Ávana- og fiknilyf. Brot gegn lögum nr. 77/1970.

Dómur Hæstaréttar.

Sakferli ákærðu í máli þessu er samtengt með þeim hætti, að heimilt er að sækja þá til saka í einu máli, sbr. 28. gr. laga nr. 82/1961, nú 28. gr. laga nr. 73/1973.

Sakarefni er rækilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

I.

1. Sannað þykir, að ákærði Gestur Þorsteinsson hafi aðstoðað við kaup á öllu því fikniefnamagni, sem sent var með m/s Laxfossi frá Amsterdam í apríl 1972, og lagt á ráðin um flutning þess til Íslands. Þykir hann því bera refsíábyrgð á þeim innflutningi ásamt ákærða Jens Rúnari, en annar nafngreindur maður er sóttur til saka vegna þessa í öðru refsí-

máli. Að öðru leyti ber að fallast á úrlausn héraðsdóms um ákæruefni á hendur Gesti Þorsteinssyni.

2. Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um háttsemi ákærða Hlyns Höskuldssonar, þ. á m. um sýknu af ákæruliðum III, 2—4, en um III. ákærulið 4 þykir ástæða til að taka fram, að eigi eru alveg fullnægjandi gögn fram komin til að refsa honum samkvæmt þeim lið ákæruskjals.

3. Úrlausn héraðsdómara um refsinaemi athafna hinna ákærðu Jens Rúnars, Arnar, Sigurðar Tómasar og Haralds Guðbergs ber að staðfesta, en ákærði Sigurður Tómas er aðeins sóttur til saka samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 77/1970.

Háttsemi allra hinna ákærðu er réttilega færð til refsíákvæða, sbr. enn fremur 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969. Tekið er fram, að refsíákvæði laga nr. 77/1970 eru sett með stjórnskipulegum gildum hætti og verður ekki hrundið sem gildum refsíheimildum.

II.

Brot þau, sem hinir ákærðu hafa framið, varða ávana- og fíkniefni, en meðferð þeirra efna, ólögmætur innflutningur, dreifing og varsla, fela í sér þjóðfélagslega hættu, ekki síst fyrir andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks. Þegar litið er til þess magns af fíkniefnum, sem hinir ákærðu Gestur, Hlynur og Jens Rúnar fluttu inn og sumpart dreifðu, svo og háttsemi þeirra í heild sinni, ber að telja brot þeirra stórfelld samkvæmt 6. gr. laga nr. 77/1970. Ber að refsa þeim þremur með vísan til 49. gr., 2. málsg., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem gert er í héraðsdómi. Refsingar hinna ákærðu þykja hæfilega ákveðnar, svo sem hér segir:

1. Ákærði Gestur Þorsteinsson sæti fangelsi í 6 mánuði og greiði 75.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 35 daga fangelsi í stað fésektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

2. Ákærði Hlynur Höskuldsson sæti fangelsi í 4 mánuði og greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi í stað fésektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

3. Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson sæti 3 mánaða fangelsi

og greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi í stað fésektar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

4. Ákærði Örn Ingólfsson sæti varðhaldi í 3 mánuði, en fullnustu varðhaldsrefsingar skal fresta og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

5. Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson sæti 2 mánaða varðhaldi, og er sú refsing skilorðsbundin með sama hætti og segir um ákærða Örn.

6. Ákærði Harald Guðberg Haraldsson sæti 2 mánaða varðhaldi, og er sú refsing skilorðsbundin með sama hætti og segir um ákærða Örn.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að gæsluvarðhaldsvist þeirra ákærðu Gests, Hlyns og Jens Rúnars komi refsingu þeirra til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um eignarupptöku á reykjarpípum og pípuhluta, leirpípu og fíkniefnum, sem tilgreind eru í þætti héraðsdóms um eignarupptöku. Um eignarupptöku á fjárhæðum vegna sölu á fíkniefnum er fallist á það sjónarmið héraðsdómara, að fjárhæð krafna sé eigi svo skýrt mörkuð og sérgreind í ákæruskjali, að fullnægi kröfum 115. gr. laga nr. 82/1961, nú 115. gr. laga nr. 73/1973, og ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að vísa þeim kröfubætti ákæruskjals frá héraðsdómi. Kemur það eigi hér að haldi, að saksóknari hefur tilgreint hér fyrir dómi, hverjar kröfur þessar séu á hendur hverjum ákærða um sig.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ber að staðfesta.

Dæma ber ákærðu Gest Þorsteinsson og Hlyn Höskuldsson til að greiða óskipt verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 90.000.00.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00.

Ákærðu Örn Ingólfsson og Harald Guðberg Haraldsson

greiði óskipt málsvarnarlaun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00.

Allan annan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000.00, greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð :

Ákærði Gestur Þorsteinsson sæti fangelsi 6 mánuði og greiði 75.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 35 daga fangelsi í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Hlynur Höskuldsson sæti fangelsi 4 mánuði og greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson sæti fangelsi 3 mánuði og greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi í stað sektar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Örn Ingólfsson sæti varðhaldi 3 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson sæti varðhaldi 2 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærði Harald Guðberg Haraldsson sæti varðhaldi 2 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla

niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Staðfest er úrlausn héraðsdóms um, að gæsluvarðhaldsvist þeirra ákærðu Gests, Hlyns og Jens Rúnar komi refsingu þeirra til frádráttar.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu Gestur Þorsteinsson og Hlynur Höskuldsson greiði óskipt verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 90.000.00.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00.

Ákærðu Örn Ingólfsson og Harld Guðberg Haraldsson greiði óskipt málsvarnarlaun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00.

Allan annan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000.00, greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með áðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. maí 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 24. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 211—216/1973: Ákærvaldið gegn Gest Þorsteinssyni, Jen Rúnari Ingólfssyni, Hlyni Höskuldssyni, Erni Ingólfssyni, Sigurði Tómasi Garðars-

syni og Harald Guðberg Haraldssyni, sem tekið var til dóms 27. f. m. og á ný hinn 17. þ. m. að aflokinni framhaldsmeðferð.

Sakarefni.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 1. nóvember 1972, gegn

1. Gestir Þorsteinssyni, Sólvallagötu 31, Reykjavík, fæddum 17. desember 1949 í Reykjavík,
2. Jens Rúnari Ingólfssyni, Hagamel 17, Reykjavík, fæddum 18. desember 1953 í Reykjavík,
3. Hlyni Höskuldssyni, Fjólugötu 21, Reykjavík, fæddum 29. desember 1953 í Reykjavík,
4. Erni Ingólfssyni, Öldugötu 54, Reykjavík, fæddum 24. júní 1951 í Reykjavík,
5. Sigurði Tómasi Garðarssyni, Höskuldarkoti, Ytri-Njarðvík, fæddum 30. júní 1950 í Reykjavík,
6. Harald Guðberg Haraldssyni, Spítalastíg 8, Reykjavík, fæddum 1. september 1943 í Reykjavík,

„fyrir brot á lögum nr. 77/1970 um tilbúning og verslun með ópíum o. fl. og reglugerð nr. 257/1969 um ávana- og fíkniefni, með eftirgreindum hætti:

I. Ákærði Gestur Þorsteinsson.

1. Í febrúarmánuði 1972 keypt í Kaupmannahöfn 120 töflur lysergíð (LSD) í félagi við meðákærða Hlyn, sem þeir neyttu þar að hluta, þaðan sem Hlynur sá svo um flutning taflnanna, 110 að tölu, til Íslands stuttu síðar og jafnframt um dreifingu taflnanna hér á landi.

2. Í maímánuði 1972 tekið við í Reykjavík úr póstsendingu frá Danmörku 50 töflum af lysergíð (LSD), sem ákærði kveður danskan pilt hafa sent sér. Þrjár af töflum þessum seldi svo ákærði piltinum Ómari Skúlasyni ásamt 2. gr. af kannabis (hash) fyrir kr. 1.800.00, en 47 taflnanna fundust við leit lögreglumanna í skrifstofuherbergi meðákærða Jens Rúnars að Brautarholti 20 í Reykjavík.

3. Seinni hluta aprílmánaðar 1972, þegar ákærði var staddur í Kaupmannahöfn, aðstoðað meðákærða Jens Rúnar við kaup þar á 250 gr. af kannabis, sem þeir bjuggu um í tveimur málningardósum, sem þeir sendu svo í pósti til Íslands, þar sem Jens Rúnar tók við þeim.

4. Fimmtudaginn 4. maí 1972 tekið við á Akureyri ásamt meðákærða Jens Rúnari og piltinum Leifi Haukssyni um 3400 gr. af kannabis úr hendi skipverja á m/s Laxfossi, sem kom til Akur-

eyrar frá Hollandi þennan dag. Ákærði hafði þegar hann dvaldi í Kaupmannahöfn þá nokkru áður aðstoðað við kaup á efninu í Amsterdam og lagt á ráðin um flutning þess til Íslands. Ákærði seldi þá þegar af efni þessu piltinum Bjarka Tryggvasyni á Akureyri 25—30 gr. fyrir kr. 7.000.00, og eftir að ákærði kom til Reykjavíkur afhenti hann piltinum Sigurði Berndsen um 200 gr af efninu, en piltur þessi hafði í Kaupmannahöfn nokkru áður afhent ákærða d. kr. 1.800.00 til kaupa á kannabis.

5. Þá er ákærða loks gefið að sök að hafa í framhaldi af flutningi efnis þess, sem greinir í lið 4, til Reykjavíkur staðið ásamt meðákærða Jens Rúnari og Hlyni að dreifingu verulegs hluta þessa efnismagns, eða allt að 1500 gr, til margra manna í Reykjavík og nágrenni, sem ýmist höfðu fyrirfram lagt fé fram til kaupanna eða að þeir greiddu það við móttöku, oftast kr. 250.00 fyrir grammíð.

II. Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson.

1. Seinni hluta aprílmánaðar 1972 farið til Kaupmannahafnar gagngert til kaupa á kannabisefnum eftir að hafa safnað til þess fé frá ýmsum mönnum hér á landi, eða allt að kr. 70.000.00 í íslenskum og erlendum peningum, auk þess sem ákærði lagði fram sjálfur nokkurt fé. Ákærði naut svo aðstoðar meðákærðu Gests og Hlyns við kaup á 250 gr. af kannabis í Kaupmannahöfn, sem sent var til Íslands í pósti, þar sem ákærði tók við efninu, sbr. lið I, 3 hér að framan. Ákærði naut svo aðstoðar meðákærðu Gests og Hlyns svo og píltsins Bergs Þórðarsonar til kaupa á allt að 1200 gr af kannabisefnum í Hollandi, sem komið var á skipverja á m/s Laxfossi, sem þá var staddur í Rotterdam, en skipið kom til Akureyrar 4. maí 1972, þar sem ákærði tók við efninu ásamt Gest og piltinum Leifi Haukssyni, svo sem greinir í lið I, 4 hér að framan, og flutti það til Reykjavíkur. Ákærði dreifði síðan meginhluta þessa efnismagns til margra manna í Reykjavík og nágrenni í félagi við meðákærðu Gest og Hlyn, ýmist til manna, sem áður höfðu lagt fram fé til kaupanna, eða til manna, sem greiddu efnið við afhendingu, venjulega kr. 250.00 fyrir grammíð. Nokkurn hluta efnisins fundu lögreglumenn við leit í skrifstofuherbergi, sem ákærði hafði á leigu að Brautarholti 20 í Reykjavík.

III. Ákærði Hlynur Höskuldsson.

1. Í febrúarmánuði 1972, þegar ákærði var staddur í Kaupmannahöfn, keypt þar í félagi við meðákærða Gest 120 töflur af lysergíð (LSD), sem þeir neyttu þar að hluta sjálfir, en megin-

hluta taflnanna, eða 110 stk., hafði ákærði svo með sér til Íslands skömmu síðar, þar sem hann ýmist neytti efnisins sjálfur eða dreifði því til margra manna í Reykjavík, sbr. I, 1 hér að framan.

2. Á tímabilinu maí 1971 til maí 1972 tekið við úr póstsendingu frá Danmörku samtals 20 töflum af lysergið (LSD), sem ákærði kveðst alfarið hafa neytt sjálfur.

3. Seinni hluta aprílmánaðar 1972, þegar ákærði var staddur í Kaupmannahöfn, aðstoðað meðákærða Jens Rúnar í félagi við meðákærða Gest við kaup þar á 250 gr af kannabis, sem síðan var sent í málningardósum til Íslands, sbr. I, 3 og II, 1 hér að framan.

4. Í byrjun maímánaðar 1972, þegar ákærði var kominn til Reykjavíkur, tekið við tveimur bréfum frá Danmörku, sem höfðu að geyma samtals 20 gr af kannabis. Ákærði neytti hluta efnisins sjálfur og veitti það öðrum, en seldi piltinum Stefáni Inga Jónsyni 10 gr af efninu fyrir kr. 2.500.00.

5. Fyrri hluta maímánaðar 1972 dreift í félagi við meðákærðu Jens Rúnar og Gest til margra manna í Reykjavík og nágrenni verulegum hluta þess magns af kannabis, sem féll í hlut meðákærða Jens Rúnars og smyglað var til landsins með m/s Laxfossi, sbr. lið II, 1 hér að framan. Viðtakendur efnisins höfðu ýmist fyrirfram lagt fram fé til kaupanna eða þeir greiddu það við móttöku, oftast kr. 250.00 fyrir grammið.

IV. Ákærði Örn Ingólfsson.

1. Seinni hluta aprílmánaðar 1972 afhent meðákærða Jens Rúnari kr. 35.000.00 gagngert til kaupa á kannabisefnum erlendis, sem Jens Rúnar sá svo um kaup á í Danmörku og Hollandi og flutning þess til landsins, svo sem rakið er í lið II, 1 hér að framan. Ákærði tók svo við um 250 gr af efninu úr höndum meðákærðu Jens Rúnars og Hlyns að kvöldi föstudagsins 5. maí, sem ákærði neytti svo að hluta sjálfur og veitti það mörgum mönnum, en hluta þess kveðst hann hafa fleygt, eftir að rannsókn málsins hófst.

V. Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson.

1. Fyrri hluta maímánaðar 1972 keypt af meðákærða Jens Rúnari samtals um 100 gr af kannabis og greitt fyrir það kr. 25.000.00. Helming þessa efnismagns seldi svo ákærði þremur mönnum úr Keflavík á sama verði, en hins helming efnisins neytti ákærði sjálfur eða veitti það ýmsum félögum sínum.

VI. Ákærði Harald Guðberg Haraldsson.

1. Seinni hluta aprílmánaðar 1972 afhent meðákærða Jens

Rúnari kr. 15.000.00 gagnert til kaupa á kannabisefnum erlendis, sem Jens Rúnar sá svo um kaup á í Danmörku og Hollandi og flutning efnisins til landsins, svo sem rakið er í II, 1 hér að framman. Fyrri hluta málmánaðar tók ákærði við um 60 gr af efniinu frá meðákærða Jens Rúnari, sem hann kveðst sjálfur hafa neytt að verulegum hluta, en veitt þó af því ýmsum mönnum, og því, sem þá var eftir, hafi hann fleygt, eftir að rannsókn málsins hófst.

Atferli ákærðu Gests, Jens Rúnars, Hlyns, Arnar og Haralds, telst varða við 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. fyrrnefndra laga nr. 77/1970 um tilbúning og verslun með ópíum o. fl., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969 um ávana- og fíkniefni, sbr. 4. gr. fyrrnefndra laga, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er varðar þá þætti hinna ætluðu brota, sem framdir voru erlendis, en háttsemi ákærða Sigurðar Tómasar við 5. gr., sbr. 6. gr. sömu laga, sbr. 1. gr. greindrar reglugerðar.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til að sæta upptöku á andvirði þess efnismagns, sem þeir seldu eða afhentu gegn gjaldi svo og upptöku þeirra fíkniefna og tækja til neyslu þeirra, sem lagt var hald á samkvæmt 5. gr. áðurnefndra laga og 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

I. Ákærði Gestur Þorsteinsson fór að eigin sögn til Kaupmannahafnar sumarið 1971. Vann hann fyrst um skeið á bóndabæ á Sjálandi og bjó þá í Helsingør. Eftir það vann hann að byggingarvinnu í Helsingør. Í desember fluttist ákærði til Kaupmannahafnar ásamt ýmsum fleiri Íslendingum, sem honum höfðu verið samtíða í Helsingør. Settust þeir að í hverfi, sem kallað er í daglegu tali Kristiania, í húsinu nr. 6 við Refshalevej. Höfðu þeir þarna stóra íbúð til afnota og bjuggu þarna sem „kommúna“.

Ákærði Gestur kveðst hafa notað kannabisefni fyrst fyrir um það bil 3 árum, en lysergið (LSD) fyrir um 2 árum. Síðan hafi hann öðru hverju leitað afþreyingar í nautn þessara efna. Hann kveðst einnig hafa prófað meskalín og psilocybin og einnig reykt óunnið ópíum, raunar án þess að vita fyrr en eftir á, um hvaða efni var að ræða.

Eftir að Gestur kom til Kaupmannahafnar, hafði hann samkvæmt eigin skýrslu ýmislegt fyrir stafni, vann á teiknistofu, starfaði að gluggaþvotti, fékkst við gerð leðurvarnings o. fl.

Ákærði Hlynur Höskuldsson fór til Kaupmannahafnar í febrúar 1972 og dvaldist þar um skeið í íbúð ákærða Gests og félaga hans að Refshalavegi 6. Hlynur hafði tekið próf úr gagnfræðaskóla vor-
ið 1971 og unnið síðan ýmis störf, verið í byggingarvinnu og starfað hjá Rafmagnsveitunni, en einnig leikið í hljómsveit. Samkvæmt framburði hans við rannsókn málsins í maí 1972 voru þá um 11/2 ár síðan hann hafði fyrst neytt kannabis, og kvaðst hann hafa notað það síðan öðru hverju. Þá kvaðst hann einnig stundum hafa neytt LSD.

Í Kaupmannahafnarför ákærða Hlyns í febrúar 1972 gerðist það samkvæmt samhljóða framburði hans og ákærða Gests, að Gestur festi kaup á nokkru magni af lysergiðtöflum, og lögðu báð-
ir fram fé til kaupanna. Nokkurs af töflunum neyttu þeir, meðan Hlynur dvaldist ytra, en 110 af töflunum flutti ákærði Hlynur með sér út til Íslands í febrúar 1972. Höfðu ákærðu búið um töflurnar í tveimur konfektmolum, 55 í hvorum mola. Var ákveð-
ið, að Hlynur skyldi sjá um ráðstöfun á töflunum hér heima, og stakk Gestur upp á því, að hann skyldi um það hafa samráð við Ragnar Þorsteinsson, Sólvallagötu 31, sem er bróðir Gests. Þetta gerði Hlynur, og tók Ragnar við öðrum konfektmolanum og ráðstafaði þeim töflum, sem í honum voru, og fékk til aðstoðar við það félaga sinn, Þóri Andrés Laustsen, Þórufelli 20. Hinum helmingi taflnanna dreifði ákærði Hlynur sjálfur til ýmissa að-
ilja, svo sem nú skal rakið nánar.

Samkvæmt samhljóða skýrslu ákærða Hlyns og Jens Sigurðs-
sonar nemanda, Bergþórugötu 27, 18 ára, keypti Jens af Hlyni 15 töflur fyrir 600 kr. hverja, alls 9.000 kr.

Herbert Þorvarður Guðmundsson hljóðfæraleikari, Bugðulæk
11, 19 ára, keypti 6 töflur fyrir samtals 3.000 kr.

Karl Sighvatsson tónlistarnemi fékk nokkrar, sennilega 3, töfl-
ur. Karl kveðst einungis hafa greitt fyrir eina þeirra 5—600 kr.

Ævar Ragnar Kvaran, Hjallavegi 20, 20 ára að aldri, kveðst
hafa fengið eitthvað af töflum hjá Hlyni, en man ekki hve marg-
ar. Hlynur kveðst hafa látið hann hafa fjórar eða fimm töflur,
sumar að gjöf, en sumar gegn greiðslu og þá 400 kr. fyrir hverja.
Hann hafi einnig neytt LSD ásamt Ævari og þá lagt til efnið.

Vilhjálmur Guðjónsson nemandi, Gnoðarvogi 76, 19 ára að aldri,
fékk að sögn Hlyns 2 töflur og greiddi 600 kr. fyrir hvora. Vil-
hjálmur telur þetta munu vera rétt.

Hlynur kveðst hafa selt Gunnari Jónssyni, Staðarbakka 16, þrjár
töflur fyrir 2.550 kr. Er þetta í samræmi við skýrslu, sem Gunnar

gaf fyrir lögreglu, nema hvað greiðslan hefur samkvæmt þeirri skýrslu verið 2.100 kr. samtals. Við meðferð málsins varð skýrsla ekki tekin af Gunnari, sem dvelst erlendis.

Samkvæmt framburði Hlyns seldi hann Finnboga Kristinssyni rennismið, Háaleitisbraut 151, 22 ára að aldri, eina töflu fyrir 800 kr. Finnbogi segir, að töflu þessa hafi hann og Ævar Ragnar Kvaran keypt saman og skipt henni milli sín.

Þá kveðst Hlynur hafa selt „Stefáni rötara“, en með því á hann við Stefán Inga Jónsson, Skaftahlíð 7, fjórar eða fimm töflur fyrir 500 kr. hverja. Ekki náðist til Stefáns við meðferð málsins, og skýrsla var heldur ekki tekin af honum um þetta efni við rannsókn þess.

Hlynur kveðst hafa selt Ólafi Haraldssyni verkamanni, Álftamýri 40, 17 ára að aldri, um fimmtán töflur fyrir 600 eða 800 kr. hverja. Ólafur kveðst ekki kannast við, að þessi viðskipti hafi farið fram, en hann kannast við Hlyn.

Hlynur skýrði við rannsókn málsins frá því, að hann hefði látið Jakob Frímann Magnússon tónlistarmann, Fjölнисvegi 8, 19 ára að aldri, hafa eina eða tvær töflur fyrir 600 kr. hvora að hann minni. Jakob Frímann neitar því eindregið, að viðskipti þessi hafi farið fram. Þau hafi að vísu einhvern tíma komið til tals, en ekki orðið úr. Hlynur telur, að þessi framburður Jakobs kunni að vera réttur.

Loks kveðst Hlynur hafa látið mann, sem Smári heitir, hafa eina töflu fyrir 800 kr., en sá hinn sami Smári hafi áður (í janúar) selt honum 2—3 töflur af LSD („orange sunshine“) fyrir 600 kr. hverja. Ekki er vitað, hver Smári þessi er.

Um heildarsöluverð umræddra taflna eru skýrslur Hlyns og Ragnars Þorsteinssonar nokkuð ósamhljóða. Hlynur kveðst hafa veitt viðtöku rúmum 20.000 kr. frá Ragnari og hafi þar verið innifalið það fé, sem Þórir Laustsen hafði afhent Ragnari. Þóri minnir, að hann fengi 4.000 kr. fyrir þær töflur, sem hann tók við, og hafi hann skilað Ragnari þessu fé. Ragnar minnir, að hann afhenti Hlyni 10.000—11.000 kr. og skilaði nokkrum töflum, en ekki man hann þó fyrir víst um þetta.

Hlynur keypti sér farseðil til Kaupmannahafnar fyrir 14.416 kr. að eigin sögn, og fór hann utan miðvikudaginn 29. mars og dvaldist þar næsta mánuð. Hafðist hann þá við, svo sem í fyrri ferðinni, hjá Gesti og félögum hans á Refshalavegi 6.

II. Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson var í 3. bekk Menntaskólans í Reykjavík veturinn 1970—1971, en hélt ekki áfram námi næsta

vetur. Stundaði hann ýmis störf, svo sem vinnu við mælingar og blaðamennsku, en eftir áramótin 1971—1972 kveðst hann hafa unnið við fyrirtækið Silkiprent, sem hann hafi átt í félagi við prentara, og fengist við framleiðslu á ýmsu glingri handa ferðamönnum, veifum, veggplöttum o. s. frv. Þá kveðst hann hafa haft uppi fyrirætlanir um innflutningsverslun og farið þeirra erinda til Kaupmannahafnar í febrúar 1972. Í þeirri ferð kveðst hann fyrst hafa neytt hash, er hann áður hafi verið mjög mótfallinn og skrifað greinar í blöð gegn neyslu þess. Hann kveðst þó ekki telja sig háðan efni þessu.

Jens Rúnar hélt síðan aftur til Kaupmannahafnar sunnudaginn 23. apríl. Hann kveðst hafa átt ýmis erindi, einkum í sambandi við væntanlega innflutningsverslun sína, en hann hafi einnig ætlað sér að kaupa hash í ferðinni og haft meðferðis fé til þess, bæði sem hann sjálfur hafi átt og fé, sem aðrir hafi lagt fram. Þetta telur hann þó ekki hafa verið aðalerindi sitt til Kaupmannahafnar.

Er til Hafnar kom, hélt Jens Rúnar til fundar við Gest Þorsteinson og aðra Íslendinga, sem höfðust við í „Kristíaníu“, og hafðist þar við þá daga, sem hann dvaldist í Kaupmannahöfn.

Það talaðist svo til milli Jens Rúnars og Gests, að Gestur skyldi aðstoða hann við að kaupa hash. Keypti Gestur um 250 g af svokölluðu Marokkó-hash, og bjuggu ákærðu um efnið í tveimur málningardósum og póstlögðu heim til Íslands. Nafn sendanda skráðu þeir á fylgibréfið af handahófi Paul Andresen a/s, farvehandler, Vermundsgade 19, 2100, København, Danmark, en viðtakanda Silkiprent s/f, Grandagarði 7, p.o. Box 7110, Reykjavík, Island. Pakkin var póstlagður 29. apríl, og gerði Gestur það, þar sem Jens Rúnar var þá farinn heim.

Nú er frá því að segja, að sunnudaginn 16. apríl hafði komið til Kaupmannahafnar Leifur Hauksson háskólanemi, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi. Hafði áður verið bundið fastmælum milli hans og konu hans, Eddu Sigurrósar Sverrisdóttur, og Ólafs Mogensens kennaraskólanema, Borgarholtsbraut 9, Kópavogi, að Leifur færi utan til innkaupa á hashi, og skyldi því komið heim til Íslands með aðstoð bróður Ólafs, Matthíasar Mogensens, skipverja á m/s Laxfossi. Hafði Leifur haldið frá Kaupmannahöfn til Hollands þriðjudaginn 18. apríl. Bergur Jón Þórðarson stúdent, Skipagötu 1, Akureyri, sem að undanförunu hafði dvalist í „Kristíaníu“, hafði farið á eftir Leifi til Amsterdam og hitt hann þar og tekið að sér að annast hashkaupin fyrir hann og Leifur síðan haldið aftur til Kaupmannahafnar og þaðan heim til Íslands sunnudaginn 23.

apríl, sama dag og Jens Rúnar fór utan. Bergur Jón hafði síðan keypt allmikið af hashi í Amsterdam fyrir fé það, sem Leifur hafði afhent honum í því skyni, og komið því mánudaginn 24. apríl í hendur Matthíasi Mogensen í m/s Laxfossi í Rotterdamhöfn, en þangað hafði skipið komið daginn áður. Hafði Matthías tekið að sér að sjá um flutninginn til Íslands.

Bergur Jón hélt síðan á ný til Kaupmannahafnar, og virðist hann hafa komið þangað miðvikudaginn 26. apríl. Hitti hann nú ákærðu Jens Rúnar og Gest. Þeim kom ásamt um, að Bergur Jón færi aðra för til Hollands til hashkaupa fyrir Jens Rúnar og kæmi efniinu einnig heim með Matthíasi Mogensen. Tók hann síðan við því fé, sem Jens Rúnar hafði ætlað til þessara kaupa, og hélt síðan á ný til Amsterdam. Jens Rúnar flaug síðan heim til Íslands fimmtudaginn 27. apríl.

Í Amsterdam keypti Bergur Jón síðan hash fyrir fé það, sem hann hafði meðferðis. Kom hann því til Matthíasar Mogensens föstudaginn 28. apríl. Í fyrri ferðinni hafði hann keypt fyrir Gest Þorsteinsson nokkuð af hashi og dós með töflum, sem hann ætlaði að væri meskalín. Hann hafði reynt eina töfluna og reynst, að hún hafði engin áhrif og hann hefði verið prettaður. Að eigin sögn fól hann töfludósina og hashmola Gestis bak við plakati í járnbrautarstöð í Amsterdam. Nú í síðari ferðinni tók hann þetta og afhenti Matthíasi Mogensen ásamt hashi því, sem hann hafði keypt fyrir Jens Rúnar.

Bergur Jón hélt að því búnu heim til Kaupmannahafnar aftur. Kom hann þangað að morgni sunnudagsins 30. apríl. Sama dag flugu þeir báðir heim til Íslands, ákærðu Gestur og Hlynur.

M/s Laxfoss kom frá útlöndum til Akureyrar aðfaranótt fimmtudagsins 4. maí. Kvöldið áður héldu þeir þrír saman til Akureyrar í bílaleigubíl, Gestur, Jens Rúnar og Leifur Hauksson. Um morguninn fór Leifur um borð í Laxfoss og hitti Matthías þar. Fóru þeir síðan saman í land, og hélt Matthías á hashinu, sem hann hafði búið um í tveimur pökkum. Gekk sú för án truflana. Sama dag héldu þeir Gestur, Jens Rúnar og Leifur suður. Heima hjá Leifi skiptu þeir hashinu á milli sín.

Um þátt Leifs Haukssonar, magn það, sem hann fékk í sinn hlut, og ráðstöfun hans á því verður ekki rætt frekar hér, en hann hefur ásamt fleirum, þar á meðal konu sinni og Mogensensbræðrum svo og Bergi Jóni Þórðarsyni, verið saksóttur í sérstöku máli, sem rekið er í sakadómi Kópavogs.

Hins vegar verður nú rakið, hvað fram hefur komið um það magn af hashi, sem fór um hendur ákærðu í máli þessu.

Jens Rúnar kveðst hafa haft meðferðis nokkurn sjóð, er hann kom til Kaupmannahafnar 23. apríl. Af sjóðnum hafi nokkur hluti verið í erlendum gjaldeyri, er hann ætlar, að svarað hafi til 10 þús. ísl. kr. Hafi þetta bæði verið gjaldeyrir, sem hann hafi átt sjálfur, og eins nokkuð, sem hann hafi fengið hjá öðrum. Þá hafi hann fengið yfirfærslu, sem svari til ferðamannagjaldeyris, eða rúmlega 20 þús. ísl. kr. Loks hafi hann haft með sér á að giska 60—70 þús. kr. í ísl. peningum, er hann hafi selt í Kaupmannahöfn.

Jens Rúnar hafði, áður en hann fór utan, fengið talsvert fé hjá ýmsum aðiljum til hashkaupa. Samkvæmt samhljóða framburði hans og ákærða Arnar Ingólfssonar afhenti Örn Jens Rúnari í þessu skyni 35 þús. kr. Þá ber þeim Jens Rúnari og Harald Guðbergi Haraldssyni saman um það, að Harald hafi lagt fram 15 þús. kr. Þá afhenti Sigurður Guðmundsson nemandi, þá til heimilis Miðbraut 1, Seltjarnarnesi, honum 14 þús. kr. til hashkaupa. Var þetta framlag frá honum og systur hans Sigurbjörgu og vinkonu þeirra, Sigríði Ingunni Jósepsdóttur. Þá lagði Einar Björgvinsson, Brautarholti 22, eitthvað af fé fram, samkvæmt eigin skýrslu 3.500 kr., og ákærði Sigurður Tómas Garðarsson 15.000 kr.

Jens Rúnar segir, að Leifur Hauksson hafi farið um borð í m/s Laxfoss í Akureyrarhöfn að morgni 4. maí og síðan komið aftur í fylgd með Matthíasi Mogensen og þeir haft meðferðis hash í 2 pökkum. Jens Rúnar segir, að þegar komið var úr ferð þessari, hafi verið farið heim til Leifs Haukssonar og þar hafi hann fyrst séð vöru þá, er var í pökkunum. Hann segir, að hashið hafi verið formað í plötur og innpakkað í plast. Jens Rúnar kveðst hafa verið mjög þreyttur og hafi verið ákveðið, að hann vitjaði síns hluta af sendingunni heim til Gests næsta dag, og hafi hann gert það. Þar hafi hann fengið afhent 250 g af Marokkó-hashí og 750 g af kív-hashí, en hið fyrrnefnda er talið sterkara. Jens Rúnar kveðst hafa fengið þau 250 g af Marokkó-hashí, sem póstsent hafði verið í 2 málningardósum, eins og áður var sagt. Af efni þessu reyndust um 50 g skemmd af málningunni, þannig að nothæft var einungis um 200 g. Skemmda hashið kveður Jens Rúnar hafa orðið eftir heima hjá Gest. Þá segir Jens Rúnar, að Gestur hafi fengið í sinn hlut um 300 g af hashí, þannig að það, sem þeir fengu af hashinu, er sent var með m/s Laxfossi, muni hafa numið um 1300 g.

Ákærði Gestur Þorsteinsson segir, að þegar Bergur Jón Þórðarson fór í fyrri ferð sína til Hollands, hafi hann beðið Berg að

kaupa fyrir hann og Hlyn hash fyrir um 1.200 danskar krónur. Hann kveðst aldrei hafa beðið Berg að kaupa meskalín fyrir þetta fé. Hins vegar hafi Bergur Jón keypt fyrir peningana einhverjar hvítar töflur, og kveðst Gestur hafa prófað eina þeirra og hún engin áhrif haft. Þá segir Gestur, að hann hafi samkvæmt beiðni Jens Rúnars keypt fyrir hann í Kaupmannahöfn hash það, sem síðan var búið um í málningardósum og sent heim. Þetta hafi verið um 250 g og verið 6.76 danskar kr. grammíð, eða alls 16—1.700 kr. Eitthvað af því hafi verið reykt, en það hafi verið 250 g, sem send voru til Íslands. Þá segir Gestur, að fé það, sem hann afhenti Bergi Jóni til síðari ferðarinnar, hafi verið um 5.700 danskar kr., sem Jens Rúnar hafi lagt fram, 200 kr., sem hann hafi sjálfur lagt til og 1.800 danskar kr., sem Sigurður Berndsen, Vesturvallagötu 1, hafi átt og hafi hann átt að fá 200 g hash fyrir.

Gestur segir, að Matthías Mogensen hafi á Akureyri afhent honum dós með pillum þeim, sem Bergur Jón Þórðarson hafi keypt fyrir hann og Hlyn í fyrri Amsterdamferð sinni. Hann hafi einnig látið þess getið, að með dósinni hefði verið moli af hashi, um 30 g, en molann hafði Matthías ekki meðferðis.

Kveðst Gestur hafa sagt Matthíasi að halda hashmola þessum sem þóknun fyrir ómakið.

Gestur telur, að pakkar þeir tveir, sem Matthías Mogensen kom með, hafi verið álíka stórir.

Gestur segir, að þegar komið var til Leifs Haukssonar, hafi þeir Leifur og Jens Rúnar skipt hashinu milli sín. Síðan kveðst Gestur hafa tekið hlut Jens til geymslu að beiðni hans. Þá segir Gestur, að Jens Rúnar hafi komið heim til hans með málningardósirnar og tekið þær upp. Um 50 g af hashinu í þeim hafi reynst skemmt. Gestur kveður ákærða Hlyn hafa verið viðstaddan, er þetta gerðist. Þeir Hlynur og Jens Rúnar hafi síðan skipt niður hluta af efninu, en nokkur hluti þess hafi þó orðið eftir óráðstafaður og hafi Jens Rúnar farið með hann í skrifstofuherbergi sitt í Brautarholti 20. Þangað kveðst Gestur síðar hafa sótt um 20 g af kív-hash og 10 g af Marokkó-hash og neytt sjálfur.

Ákærði Hlynur skýrir að því leyti öðru vísi frá en Gestur, að hann telur, að þeir Gestur hafi beðið Berg Jón að kaupa fyrir þá meskalín í Amsterdam. Segir Hlynur, að sig hafi langað til að reyna efni þetta.

Hlynur kveðst ekki hafa vitað, hversu mikið kostaði hash það, sem Gestur keypti fyrir Jens Rúnar í Kaupmannahöfn, en kveðst hafa talið, að um helmingur af fé Jens Rúnars hafi farið í kaup

þessi, enda hafi verið um að ræða svokallað Marokkó-hash, sem sé alldýrt í innkaupi.

Hlynur segir, að hann sjálfur hafi ekki átt neitt í hashi því, sem kom til landsins með m/s Laxfossi, en hann hafi átt einhvern smáhlut í pillum þeim, sem komu til landsins um leið og áttu að vera meskalín.

Hlynur telur, að Jens Rúnar hafi komið til Kaupmannahafnar í apríl gagngert til innkaupa á hashi. Hlynur segir, að hann, Gestur og Jens Rúnar hafi verið að ræða um það sín á milli að koma á smygilhring til þess að smygla kannabisefnum frá Austurlöndum til Íslands og Svíþjóðar. Einnig hafi verið rætt um smygl á meskalíni og lysergíð. Hlynur telur, að Jens Rúnar hafi átt frumkvæði að þessum ráðagerðum, sem raunar hafi allar verið mjög í lausu lofti. Hlynur segir, að sér hafi verið sama, þótt hann tæki þátt í þessu ráðabruggi, þar sem hann hafi ekki haft neitt til að stefna að. Hann hafi ekki haft ávinningssjónarmið í huga og hafi fremur komið til einhvers konar ævintýraþrá.

Gestur kveður rétt, að ýmislegar orðræður hafi farið fram milli þeirra félaga í þessa átt, en ekki telur hann, að því hafi fylgt nein alvara, heldur hafi nánast verið um gamanmál að ræða. Í sama streng tekur Jens Rúnar, sem minnst þess, að ýmislegt hafi verið rætt um þessi efni, án þess að alvara hafi fylgt.

Jens Rúnar kveðst hafa hugsað sér, er hann fór utan, að leita aðstoðar einhverra Íslendinga í „Kristíaníu“ við hashkaupin. Hafi það orðið úr, að hann fól Gestu að gera innkaup og afhenti honum fjársjóð þann, er hann hafði með sér í því skyni. Hlynur hafi verið þarna fyrir, og kveðst Jens Rúnar einhvern veginn hafa litið á hann og Gest sem eina heild í þessum viðskiptum. Hlynur var, að því er Jens Rúnar minnir, viðstaddur, er hann ræddi við Gest um innkaupin, og hann fylgdist með Jens Rúnari, er hann fór að skipta peningunum.

Bergur Jón Þórðarson skýrir svo frá, að hann hafi farið til Amsterdam á eftir Leifi Haukssyni og hafi hann hitt Leif og Jón Þór Guðmundsson, sem verið hafi í fylgd með honum. Hann segir, að Leifur hafi beðið sig að annast hashkaup fyrir sig og afhent í því skyni nálægt 2.500 gyllini. Fyrir það fé kveðst hann hafa keypt um 1200 g af hashi, en sú tala sé ekki nákvæm. Þá segir hann, að hann hafi haft meðferðis um 1.200 danskar krónur, sem Gestur Þorsteinsson hafi beðið hann fyrir. Fyrir það hafi hann keypt um 60 g af hashi og fyrir afganginn um 400 töflur, sem átt hafi að vera meskalín. Þær hafi hann keypt af svertingja

einum. Hann kveðst hafa prófað eina töfluna, en engin áhrif fundið og þannig séð, að hann hefði verið prettaður. Kveðst hann þá ekki hafa staðið í því að flytja töflurnar til Kaupmannahafnar, en falið þær í járnbrautarstöð. Þar hafi hann einnig komið hashmola þeim fyrir, sem hann hafði keypt fyrir peninga Gests.

Bergur Jón telur, að áður en hann fór síðari innkaupaferð sína til Amsterdam, hafi þeir Jens Rúnar og Gestur afhent sér um 6.000 danskar krónur. Af því hafi hann átt að taka fyrir ferðakostnaði. Bergur Jón telur, að það hash, sem hann keypti fyrir þetta fé, hafi verið nokkru meira en það, sem hann keypti fyrir Leif, eða tæplega einni plötu meira. Þetta hafi hann síðan afhent Matthíasi Mogensen, er hann hitti hann í síðara skiptið, og enn fremur töflurnar og hashmolann, sem hann hafði áður keypt og geymt í Amsterdam, svo sem lýst var.

Matthías Mogensen segir, að það magn, sem hann fékk afhent mánudaginn 24. apríl, hafi verið fjórar plötur innpakkaðar í sellófanpappír hver um sig. Hver plata hafi verið á að giska 1/2 cm að þykkt. Þær hafi allar verið jafnstórar um sig og jafnbungar. Í síðara skiptið kveðst hann hafa tekið við fjórum og hálfri plötu sams konar og auk þess brúnu umslagi, sem virst hafi haft að geyma litla dós. Matthías kveðst ekki geta sagt neitt ákveðið um þyngd efnis þess, er hann tók við, en hefur giskað á 3 kg.

Leifur Hauksson hefur skýrt svo frá, að þegar hann og félagar hans höfðu veitt sendingunum móttöku á Akureyri, hafi þeir giskað á, að þær væru samtals tæp 3 kg, eins og þeir hefðu átt von á. Þegar búið hafi verið að skipta fengnum heima hjá honum, eftir að komið var úr Akureyrarförinni, hafi hann fengið um 1300 g, en Jens Rúnar og Gestur um 1400 g.

Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um ráðstöfun á hashi því, sem veitt var viðtaka á Akureyri 4. maí og féll í hlut Gests og Jens Rúnars.

Á Akureyri hittu þeir félagar Bjarka Tryggvason hljóðfæraleikara, og komu þeir heim til hans og reyktu þar hash. Þá keypti Bjarki af þeim hash fyrir 7.000 kr. Kveður Bjarki hashið hafa verið 20—25 g að þyngd. Gestur kveðst hafa afhent hashið til Bjarka og telur það hafa verið um 28 g. Þá segir Gestur, að hann hafi selt öðrum manni, sem þeir hafi hitt á Akureyri, 12 g fyrir 3.000 kr. Nafn á manni þessum veit Gestur ekki, en samkvæmt rannsókn, sem fram fór á Akureyri, hefur hér verið um að ræða Einar Guðnason matreiðslumann, Skipagötu 4, er kveðst hafa keypt hash fyrir 3.000 kr., en tilgreinir ekki magnið. Gestur seg-

ist hafa tekið hash það, sem hann seldi, úr pakka Jens Rúnars. Jens Rúnar segist hafa vitað til, að Gestur seldi þessum tveim mönnum hash. Leifur Hauksson segir, að þeir félagar hafi farið heim til Bjarka og reykt þar 2—3 pípur af hashi, en hann telur sig ekki hafa vitað til þess, að Gestur seldi neitt hash á Akureyri.

Jens Rúnar segir, að Örn Ingólfsson muni hafa fengið afhent 270 g af hashi fyrir fé það, sem hann hafði lagt fram (35.000 kr.). Gestur Þorsteinsson segir, að Jens Rúnar hafi beðið hann og Hlyn að færa Erni hluta hans og þeir gert það hinn 6. maí. Hash það, sem Örn fékk, hafi verið um 260 g að þyngd, og kveður Gestur Örn hafa verið óánægðan með verðið á efninu. Örn Ingólfsson telur hins vegar sjálfur, að þeir Jens Rúnar og Hlynur hafi fært honum hashið að kvöldi 5. maí og hafi þar verið um að ræða 2 plötur, innpakkaðar í plast og síðan pappír og á hann ritað: Örn 250 g. Telur Örn, að það, sem hann fékk, hafi því ekki verið meira en 250 g.

Örn kveðst ekki hafa látið neitt af því hashi, sem hann fékk, af höndum gegn gjaldi. Hann hafi notað mikið af því sjálfur og gefið ýmsum kunningjum með sér, er hann þó hefur ekki nafngreint.

Lögreglumenn leituðu á heimili Arnar með leyfi hans hinn 16. maí 1972 og höfðu með sér til fulltingis hund einn, sérhæfðan í því að finna kannabisefni. Þar fannst efni, sem tekið var til rannsóknar, sbr. V hér á eftir.

Eins og áður var frá greint, hafði Gestur veitt viðtöku 1.800 kr. dönskum hjá Sigurði Berndsen og afhent Bergi Jóni Þórðarsyni til hashkaupa ásamt fé Jens Rúnars. Gestur kveðst hafa látið Sigurð vita, er hashið var komið, en Sigurður hafi þá verið kominn heim. Hafi Sigurður sótt um 200 g af hashi heim til hans á Sólvallagötu 31. Er þetta í samræmi við skýrslu, er Sigurður gaf við lögreglurannsókn málsins, en ekki náðist til hans við meðferð máls þessa, þar sem Sigurður var þá farinn utan.

Jens Rúnar afhenti Harald Guðbergi Haraldssyni hash fyrir það fé, 15.000 kr., sem Harald hafði lagt fram. Harald kveðst ekki vita gerla, hversu mikið hashið hafi verið að þyngd, en telur, að miðað hafi verið við, að það kostaði 200—250 kr. hvert g, og eftir því hefði magnið verið 60—75 g. Harald kveðst hafa neytt sjálfur af hashi þessu og gefið ýmsum kunningjum af því með sér, án þess að gjald kæmi fyrir. Loks kveðst hann hafa eyðilagt um 1/4 hluta af hashinu, er hann frétti um rannsókn þá, sem þá var hafin og Jens Rúnar var við riðinn. Jens Rúnar telur, að hash

það, sem Harald Guðberg fékk, hafi verið um 100 g að þyngd, en það telur Harald ólíklegt.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson fékk hjá ákærða Jens Rúnari hash fyrir 25.000 kr. Sigurður Tómas kveðst fyrst hafa rætt um það við Jens Rúnar, áður en hann fór utan, að Jens keypti hash fyrir hann, og virðist hann þá þegar hafa lagt fram 15.000 kr. Hafi svo Jens Rúnar, eftir að hann kom að utan, afhent honum hash, er svaraði til þessa framlags, og það telur Sigurður hafa verið um 60 g. Þá hafi hann samið um það við Jens Rúnar að fá meira hash næsta dag og hafi hann þá fengið um 40 g og greitt 10.000 kr. fyrir. Þannig telur Sigurður Tómas, að hann hafi fengið um 100 g alls, en Jens Rúnar telur magnið hafa verið meira, eða um 130 g. Eru ákærðu ekki sammála um þetta. Um hash það, sem Sigurður Tómas fékk, er það vitað, að hann lét Júlíus Baldursson nemanda, Sunnubraut 17, Keflavík, hafa hash fyrir 8.500 kr., og telur Júlíus þyngd þess hafa verið um 40 g. Sigurgísli Ketilsson, Heiðarvegi 25, Keflavík, og Sigrún Kjartansdóttir, Keflavík, 17 ára að aldri, fengu hvort um sig 10 g af hashi hjá Sigurði og greiddu hvort þeirra 2.500 kr. fyrir, þ. e. verðið var 250 kr. pr. g.

Þá kveðst Jens Rúnar hafa látið Einar Björgvinsson hafa um 25 g af hashi, en Einar hafði lagt fram fé, áður en Jens Rúnar fór utan. Ekki náðist til Einars til þess að bera vitni við meðferð máls þessa.

Sigurður Helgi Guðmundsson, sem lagt hafði fram fé, áður en Jens Rúnar fór til Danmerkur, kveðst hafa fengið hjá Jens þrjú umslög, sem átt hafi að innihalda hash, er svaraði til framlagsins. Með þau kveðst Sigurður hafa farið heim á Grettisgötu 22, heimili Sigríðar Ingunnar Jósepsdóttur, sem átti nokkuð af framlaginu. Sigurður Helgi segir, að umslögin hafi orðið þarna eftir, en síðar hafi hann frétt, að mistök hefðu orðið við afhendingu umslaganna, en Jens Rúnar leiðrétt þau. Sigurður Helgi telur, að hann, Sigurbjörg systir hans og Ingunn Sigríður Jósepsdóttir hafi neytt þessa hash að mestu leyti, en annars hafi verið allgestkvæmt á Grettisgötu 22 um þessar mundir. Við meðferð málsins skoraðist Sigurbjörg undan að gefa skýrslu, og ekki náðist til Sigríðar Ingunnar, en skýrslur þeirra við lögreglurannsókn málsins eru í aðalatriðum í samræmi við framburð Sigurðar Helga. Jens Rúnar telur, að hann hafi afhent Sigurði Helga um 100 g af hashi fyrir framlag hans.

Jens Rúnar hefur skýrt frá því, að hann hafi eftir beiðni Gests

sótt í skrifstofuna í Brautarholti nokkurt magn af hashi og fært Erni Karlssyni, Granaskjólí 5, sem þá hafi verið staddur heima hjá Erni Ingólfssyni. Hversu mikið hash var um að ræða, man Jens Rúnar ekki. Við meðferð málsins náðist ekki til Arnar Karlssonar, en samkvæmt skýrslu, sem hann gaf fyrir lögreglu við rannsókn málsins, fékk hann afhent um 12 g og galt við 3.000 kr. Var hann að útvega hash þetta fyrir kunningja sinn. Ákærði Örn Ingólfs-son hefur ekki kannast við, að þessi afhending á hashi hafi farið fram á heimili hans.

Jens Rúnar skýrði frá því við rannsókn málsins, að auk þeirra, sem nú voru taldir, hefðu Jörgen Ingi Hansen, Melhaga 12, fæddur 1940, og Sigurður Þóróddsson, Karfavogi 14, 21 árs, fengið hjá honum hash, hinn fyrrnefndi um 8 g, en um magn til hins síðar- nefnda mundi Jens Rúnar ekki. Þeir Jörgen Ingi og Sigurður hafa báðir neitað því, að þeir hafi tekið við hashi úr hendi Jens Rúnar, og við meðferð máls þessa hefur Jens Rúnar lýst yfir því, andstætt fyrri skýrslum, að hann minnst þess ekki, að hann hafi látið Jörgen Inga hafa hash.

Allmiklu af hashi því, sem Jens Rúnar fékk í hendur, kom hann fyrir í skrifstofuherbergi sínu í Brautarholti 20. Hlynur Höskulds-son fékk lykil að herbergi þessu. Hlynur hefur kannast við, að hann hafi látið af höndum hash gegn gjaldi sem hér segir:

Stefán Ingi Jónsson, Skaftahlíð 7, fæddur 1954, keypti af Hlyni hinn 11. maí 10 g af hashi fyrir 2.500 kr. Hashmola þennan hafði Stefán Ingi með sér á dansleik í Samkomuhúsinu Stapa í Njarðvík að kvöldi laugardags 13. maí. Þar gerði lögregluþjónn leit í tösku, sem Stefán Ingi var með, og fann þá hashmolann, og tókst að ná honum, þótt Stefán Ingi reyndi að koma honum undan. Sú rannsókn, er hafin var af þessu tilefni þá um nóttina, leiddi til þess, að upp komst um hashinnflutninginn með m/s Laxfossi og ýmis önnur brot, sem um ræðir í dómi þessum.

Ævar Ragnar Kvaran, Miklubraut 16, fæddur 1952, kveðst hafa fengið hjá Hlyni hashköggul fyrir 1.500—2.000 kr. Hlynur telur köggul þennan hafa verið 10 g og Ævar hafi greitt fyrir hann 2.500 kr.

Eyjólfur Þráinn Hjartarson, Rauðalæk 17, fæddur 1953, keypti af Hlyni 10 g af hashi fyrir 2.500 kr.

Þá skýrði Hlynur frá því, að hann hefði selt manni að nafni Jakob 10 g fyrir 2.500 kr. Hér virðist vera um að ræða Jakob Frímann Magnússon tónlistarmann, Fjölnisvegi 9, fæddan 1953,

en hann kveðst hafa fengið hash hjá Hlyni, að vísu ekki gegn greiðslu, heldur sem vinargreiða vegna þess, að hann hafði léð Hlyni orgel. Hashið hafi átt að nema 10 g, en ekki verið nema 8 g, er til kom. Hefur Hlynur kannast við, að þessi skýrsla Jakobs Frímanns sé rétt.

Þá hefur Hlynur haldið því fram, að hann hafi selt Hildi Jónsdóttur, Karfavogi 56, fæddri 1955, 20 g af hashi fyrir 250 kr. hvert g, en Hildur neitar þessu eindregið, og kveðst hún aldrei hafa fengið hash hjá Hlyni.

Þá virðist Hlynur hafa einnig varið nokkru af hashinu til eigin neyslu og veitinga til kunningja. Hlynur var handtekinn af lögreglumönnum í Stórholti 19 að morgni sunnudagsins 14. maí, eftir að Stefán Ingi Jónsson hafði skýrt frá því, hvar hann hefði fengið hash sitt. Í Stórholti 19 býr Ólöf Ingibjörg Einarasdóttir, fædd 1956, vinkona Hlyns, er hann hélt sig mjög hjá um þessar mundir. Höfðu þau kvöldið áður verið hjá Ævari Ragnari Kvaran, Miklubraut 16, ásamt fleirum, og þar hafði verið neytt hash. Leitað var í veski Ólafar, og fannst þar umslag með efni, sem reyndist hash, og Hlynur afhenti einnig nokkur g af sams konar efni. (Sjá um rannsókn á efni þessu V hér á eftir). Hlynur kveðst hafa reykt hash með Ólöfu og bróður hennar og yfirleitt neytt mjög mikils hash, meðan hann var í Kaupmannahöfn og eins eftir að hann kom þaðan.

Í upphafi rannsóknar þeirrar, sem leitt hefur til höfðunar máls þessa, eða mánudaginn 15. maí 1972, leituðu lögregluþjónar í skrifstofuherbergi ákærða Jens Rúnars í Brautarholti 20, en ákærði Hlynur hafði þá afhent þeim lykil þann, sem hann hafði að skrifstofunni, og vísað á efni, sem þar voru geymd.

Í herberginu var svört leðurtaska, eign Jens Rúnars. Samkvæmt skýrslu Þorsteins Jónssonar lögregluþjóns fundust í henni 40 g af grænleitu efni í plötu, 23 g mulið grænleitt efni, dökkur köggull, 12 g, dökkt efni, mulið, 17 g, og sams konar dökkt efni víðs vegar um töskuna. Samkvæmt ljósritun úr bók, sem geymir skýrslur yfir efni og muni, sem hald er lagt á, hefur efnið reynst nokkru meira en fram kemur af ofangreindri skýrslu, svo sem nú skal greint:

„Fannst við húsleit í skrifstofuhúsnaði fyrir ofan skemmtistaðinn Þórskaffi. Húsnaðið er á nafni Jens Rúnars Ingólfssonar. Efnið var í svartri skjalatösku, málmsleginni á hliðum og hornum, grænt að lit, lyktarsterkt, laust í sér, sennilega lítið af bindiefn-

um. Einnig var mulningur með. Efnið var í plötum. Umbúðirnar plastumbúðir, glærar. Í töskunni fannst ökuskírteini á nafni Jens Rúnars Ingólfssonar.

Vigtað 23-5 '72 á skrifstofu ÁFD, reyndist vera 117.4 gr. Sent rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfjafræði 1.7 gr. Afgangurinn geymdur í skrifstofu ÁFD, merkt Jens Rúnari. Efnið, sem sent er, er merkt „sýni 9“.

Vigtað af Hrafnkeli Steinþórssyni.“

„Fannst við leit í skrifstofuhúsnæði fyrir ofan skemmtistaðinn Þórskaffi. Húsnæðið er á nafni Jens Rúnars Ingólfssonar. Efnið fannst í svartri skjalatösku, málmleginni á hliðum og hornum. Í töskunni fannst ökuskírteini á nafni Jens Rúnars Ingólfssonar.

Grænleitt efni, ekki mjög sterkt lykt af því, þétt í sér, sennilega nokkuð af bindiefnum í því. Efnið var í köggjum og mulningi. Efnið vigtað á skrifstofu ÁFD 23-5 '72, reyndist vera 24.4 gr. + sýni, sem vó 1.1 gr, sent rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfjafræði. Afgangurinn geymdur á skrifstofu ÁFD, merkt Jens. Sýni það, sem sent er til rannsóknar, er merkt „sýni 10.“

Vigtað af Hrafnkeli Steinþórssyni.“

Undir skýrslur þessar hafa Haukur Bjarnason rannsóknarlögregluþjónn og Þorsteinn J. Jónsson lögregluþjónn ritað sem vottar.

Um rannsókn á sýnum sjá V hér á eftir.

Við rannsókn þessa fundust einnig 47 töflur af lysergið, og verður rætt um það atriði í III hér á eftir.

Þá var í tösku Jens Rúnars dós með 405 hvítum töflum, og virðist hér vera um að ræða töflur þær, sem Bergur Jón keypti í Hollandi í þeirri trú, að um meskalín væri að ræða, sbr. um rannsókn á töflum þessum V hér á eftir.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var herbergi þetta í megnustu óreiðu, engar innréttingar, en spýtnabrák og rusl um öll gólf. Í ruslahaug á gólfi voru mörg hvít umslög, flest ónotuð, en fjögur höfðu þó verið notuð og merkt þannig: Ingi Hansen 8 gr — Helgi 30 gr — Sigurður Garðs. — Sig. Guðn. Þá fannst brúnn bréfpoki, sem frímerktur hafði verið og pósthimlaður, en frímerkin rifin af. Pokinn var merktur Davíð Gunnarsson, Úthlíð 16, Rvík. Þá fundust margir málmappírsvöndlar utan af kannabisefnum, að því er talið er í skýrslunni.

III. Síðdegis laugardaginn 6. maí 1972 var lögregla kvödd í húsið Hjallaveg 7. Húsráðendur skýrðu lögregluþjónum, sem komu á staðinn, frá því, að Magnús Kjartansson, þar til heimilisfæddur 1949, og tveir gestir hans væru í annarlegu ástandi af

lyfjanotkun. Lögregluþjónarnir tóku Magnús og gesti hans, Kolbrúnu Björgvinsdóttur, Efstalandi 22, unnustu Magnúsar, fædda 1952, og Ómar Skúlason, Mosgerði 16, fæddan 1949, og færðu þau í varðhald, en þau voru öll í annarlegu ástandi.

Við rannsókn, sem fram fór út af atviki þessu 8.—12. maí, kom í ljós, að Ómar Skúlason hafði farið með þeim Kolbrúnu og Magnúsi heim til Magnúsar. Hann hafði meðferðis 3 töflur af lysergíð og hashmola, sem hann hafði keypt. Tók hvert þeirra 1/2 töflu af LSD og einnig reyktu þau hashið. Töflurnar þrjár og hashmolann hafði Ómar Skúlason keypt af ákærða Gesti Þorsteinssyni fyrir 1.800 kr.

Við rannsókn þessa, sem lokið var að sinni 12. maí, hélt Gestur því fram, að töflurnar og hashið hefði hann þegið að gjöf frá manni, er hann hafi kannast við og hitt í Kaupmannahöfn. Hefði hann haft þetta í vasa sínum, er hann kom til Íslands.

Svo sem lýst var í næsta þætti hér að framan, fundust 47 töflur við húsleit í Brautarholti 20 hinn 15. maí. Töflur þessar fann Þorsteinn J. Jónsson lögregluþjónn uppi á gardínukappafestingu, og voru þær pakkaðar inn í sellófan og málmappír þar utan yfir. Rannsókn leiddi í ljós, að hér var um lysergíð að ræða, sjá nánar V hér á eftir.

Gestur Þorsteinsson hefur skýrt svo frá, að töflur þessar séu hluti af 50 töflum, sem hann hafi fengið sendar í pósti frá Danmörku í maíbyrjun. Þær þrjár töflur, sem á vantar, séu töflur þær, sem hann seldi Ómari Skúlasyni og hann hélt fyrst fram, að hann hefði haft með sér frá Danmörku 30. apríl.

Um sendingu þessa segir Gestur, að hann hafi átt um 1.000 danskar kr. hjá dönskum manni að nafni Niels Lövegal. Kveðst hann hafa samið um það, áður en hann hélt út til Íslands, að skuld þessa skyldi Lövegal greiða með kannabisefni, er senda skyldi til Íslands á nafn Þóris Laustsen, Þórufelli 20, en hann þekkir Gestur. Kveðst Gestur hafa gert þetta, þar sem hann hafi óttast, að eftirlit kynni að verða haft með sér, og ekki kveðst hann hafa haft leyfi Þóris til þessa. Hann hafi svo sagt Þóri frá þessu, er heim kom. Nokkru síðar hafi Þórir fært sér pakka, er hann hafði fengið sendan í pósti. Í pakkanum hafi verið sending frá Niels Lövegal, umræddar 50 töflur, en Gestur segir, að aldrei hafi verið talað um það milli þeirra Lövegals, að hann greiddi skuldina með LSD-töflum. Gestur kveðst hafa selt áðurgreindar 3 töflur, en hann hafi fengið grun um, að töflurnar kynnu að vera blandnar einhvers konar eiturefnum umfram venju, og því viljað koma

í veg fyrir, að aðrir kæmust í þær. Hann hafi því falið þakkann hjá gardínukappanum og ekki látið féлага sína vita um þær.

Samkvæmt framburði Þóris Andreasar Laustsens, Þórufelli 20, sem áður hefur komið við sögu í sambandi við dreifingu á þeim ca 110 töflum af lysergið, sem Hlynur hafði með sér til Íslands í febrúar, skýrði Gestur honum frá því eftir komu sína til landsins í apríllök, að hann ætti von á pakka, sem sendur mundi verða í pósti á nafn Þóris. Þakinn hafi síðan komið, og kveðst Þórir hafa afhent Gesti hann án þess að taka hann upp.

IV. Ákærði Hlynur skýrði frá því við lögreglurannsókn málsins, að hann hefði undanfarið ár stundum fengið sendar LSD-töflur í pósti frá kunningja sínum, Guðmundi Einarssyni, sem búsettur er í Danmörku. Þessa yfirlýsingu staðfesti ákærði, er hann kom fyrir dóm hinn 31. maí 1972. Hann kvaðst ekki geta gert grein fyrir, á hvaða tíma þessar sendingar hefðu farið fram, en það hefði verið, áður en hann fór utan í febrúar 1972.

Við meðferð máls þessa hefur ákærði lýst yfir því, að þessi framburður hans sé ekki réttur. Hann hafi aldrei fengið sent LSD í pósti til Íslands. Hann kveðst ekki muna, hvernig til þess kom, að lögregluþjónninn bókaði ummæli þessi eftir honum. Hann segir, að þegar hann kom fyrir dóm, hafi hann ekki þorað að afturkalla yfirlýsingu sína, þar sem hann hafi óttast, að það hefði enga þýðingu, en kynni jafnvel að gera illt verra.

Um þetta atriði eru ekki fyrir hendi nein önnur gögn en framburður ákærða Hlyns. Guðmundur sá Einarsson, sem hér er um að ræða, dvelst í útlöndum, og hefur skýrsla ekki verið tekin af honum.

V. Samkvæmt skýrslu Hauks Bjarnasonar rannsóknarlögregluþjóns var hald lagt á eftirtalda muni og efni við rannsókn málsins, sbr. það, sem sagt hefur verið á viðeigandi stöðum hér að framan:

1) Efni fundið í veski Ólafar I. Einarsdóttur, Stórholti 19, grænn köggull, 4,7 g, og annar sams konar köggull, er Hlynur afhenti, 3 g. Af þessu efni var tekið sýni, 1,4 g, en afgangurinn, 6,3 g varðveittur. Sýnið var merkt nr. 7. Í skýrslu Rannsóknarstofu Háskólans í lyfjafræði segir svo um rannsóknina:

„... Sýnið var ca. 1,7 g af mosagrænum kögglum í hvítum plastbæk. Greinileg kannabislykt var af sýninu.

Við smásjárskoðun sást fjöldinn allur af kirtilhárum og þekjuhárum, sem eru einkennandi fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti, að um cannabis væri að ræða.

Af framanskráðu er því ljóst, að sýnið var kannabis.“

2) Efni, sem fannst í skjalatösku Jens Rúnars Ingólfssonar, grænar plötur og mulningur, 117 g. Af efni þessu var sýni sent til rannsóknar, merkt sýni 9. Í skýrslu um rannsóknina segir m. a. svo:

„...Sýnið var 1.01 g af flötum, mosagrænum kögglum með kannabislykt. Sýnið var í hvítum plastbæk.

Við smásjárskoðun mátti sjá nánast urmúl af kirtilhárum og þekjuhárum, sem eru einkennandi fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti, að um cannabis væri að ræða.

Af framanskráðu er því ljóst, að sýnið var kannabis.“

3) Grænleitt efni í kögglum ásamt mulningi, sem einnig fannst í tösku Jens Rúnars, alls talið að þyngd 15.5 g. Af efni þessu var sýni merkt 10 sent til rannsóknar, og er rannsókn lýst svo í skýrslu rannsóknarstofunnar:

„...Sýnið var mosagrænt kyrni, 1.17 g að þyngd, og hafði sápublandaða kannabislykt. Sýnið var í hvítum plastbæk.

Við smásjárskoðun sást fjöldi kirtilhára og þekjuhára, sem einkennandi eru fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti, að um cannabis væri að ræða.

Af framanskráðu er því ljóst, að sýnið var kannabis.“

4) 47 rauðar töflur, fundnar í gardínukappa í Brautarholti 20. Tvær töflur voru sendar til rannsóknar (sýni 11), og er rannsókninni lýst svo:

„...Sýnið var 2 rauðar töflur, 3.5 mm í þvermál, og meðalþungi þeirra var 47.1 mg.

Við rannsóknina voru notuð 2 blettageiningarkerfi. Á þynnurnar var sett þekkt magn af lýsergíði, ergótamíni og hluti af sýninu úrhlotuðu. Í rás sýnisins kom fram blettur, er hafði sama rásgildi, skoðað í útfjólubláu ljósi, og þekkt lýsergíð. Blettir þessir lituðust einnig á sama hátt með dímetýlamínóbenzaldehýðefna-breyti.

Af framanskráðu er því ljóst, að um lýsergíð var að ræða. Stærð bletta benti enn fremur til þess, að verulegt magn af lýsergíði hefði verið í hvorri töflu um sig.“

5) 405 hvítar töflur, sem fundust í dós í tösku Jens Rúnars. Þrjár þeirra (sýni 12) voru sendar til rannsóknar, og er árangri hennar lýst svo í skýrslu rannsóknarstofunnar:

„...Sýnið var í öskju og merkt sýni nr. 12. Það var 3 hvítar, kúptar, mjö litlar töflur, 36.7 mg að þyngd að meðaltali.

Litarpróf a.m. Marquis, Mecke og Fröde gáfu ekki til kynna,

að meskalín væri í sýninu. Eigi reyndist heldur unnt að sýna fram á ljósfall, eftir að sýnið hafði verið úrhautað með saltsýru á því bylgjusviði, þar sem vænta má ljósfalls eftir meskalín.

Blettagreining á þynnu gaf til kynna, að lýsergið væri ekki í sýninu.

Ofangreind litarpróf svo og litarpróf með kóbalttíocýnatlausn bentu eindregið til þess, að hvorki morfín, heróín, kókaín, amfetamín, petidín né metadón væru í sýninu.

Verður því ekki séð, að í sýninu hafi verið hin algengari ávana- og fíknilyf og efni.“

6) Efni, sem tekið var heima hjá Erni Ingólfssyni, þyngd talin í bók lögreglu 0.7 g. Efnið var sent til rannsóknar (sýni 15), og er árangri rannsóknar lýst svo í skýrslu rannsóknarstofunnar:

„... Sýnið var í þrennu lagi:

1. Mosagrænt duft og köggjar í cellófanpoka, 0.45 g að þyngd. Af þessu var lykt af tóbaksösku og kannabislykt.
2. Harðar grænar agnir í málmappír, 0.115 g að þyngd. Af þessu var tóbakslykt og öskulykt.
3. Hálfbrunnin, brún og dökk korn með tóbakslykt, ca. 0.4 g að þyngd.

Við smásjárskoðun sást í 1. og 2. mikið af þekjuhárum og kirtilhárum, sem einkennandi eru fyrir cannabis sativa. Í 3. sáust sams konar þekjuhár og kirtilhár innan um svartar brunaleifar. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti enn fremur, að um kannabis væri að ræða, enda þótt svörunin væri veik í 3.“

7) Leirpípa (trekt), fundin í vasa Hlyns Höskuldssonar 14. maí.

8) Þrír pípuhausar, fundnir við húsleit á Fjólugötu 21, heimili Hlyns Höskuldssonar, 14. maí.

9) Reykjarpípa, fundin við leit á Sólvallargötu 31, 15. maí. *Niðurstöður.*

Af hálfu verjanda ákærðu hefur verið dregið í efa, að gild heimild sé til þess að refsa manni fyrir innflutning eða meðferð á lysergið og kannabisefnum. Það framsal löggjafans á valdi sínu, sem um er að ræða í 4. gr. laga 77/1970 fái ekki staðist að stjórnskipunarrétti. Þá er einnig vefengt, að sannað hafi verið vísindalega, að kannabis og LSD megi misnota á líkan hátt og efni þau, sem lögin sjálf taka beinlínis til.

Samkvæmt lögum 14/1923 var bann lagt við tilbúningi, innflutningi, útflutningi og verslun með ópíum, og enn fremur tóku lögin til morfíns, heróíns og kókains. Með lögum 43/1968 var lög-

um þessum breytt á þann veg, að samkvæmt 4. gr. þeirra skyldi dómsmálaráðuneytinu heimilt að úrskurða, „að ákvæði þessara laga gildi um öll efni, hvort sem þau eru afleidd af morfíni, kókaini eða söltum þeirra eða ekki, enda hafi sannast við vísindalega rannsókn, að misnota megir þau á líkan hátt eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2. gr.“

Þessarar heimildar var neytt með setningu reglugerðar 257/1969, er úrskurðað var, að ákvæði laga 14/1923, sbr. lög 43/1968, skyldu gilda um kannabis (marihuana), lysergíð (LSD), meskalín (peyote) og psilocybin svo og hvers konar blöndur og samsetningar, sem þessi efni hafa að geyma.

Með lögum 25/1970 voru nokkrar breytingar gerðar á lögum 15/1923, m. a. á refsíákvæðum, og að því búnu voru lög 14/1923 með áorðnum breytingum gefin út sem ný lög, nr. 77/1970.

Það verður að vísu að telja, að eðlilegra hefði verið, að lögjafinn sjálfur ákvæði, til hverra ákvæða lög 77/1970 skyldu taka, í stað þess að framselja framkvæmdarvaldinu heimild til ákvörðunar um það, sem auk þess er afar rúm og laus í reipunum, en ekki þykir þó næg ástæða til þess að telja þessa heimild ógilda, og verður hér að vísa til þess, að þessi heimild hefur verið talin gild, sbr. hæstaréttardóma frá 24. mars 1972 og 6. nóvember 1972. Refsíákvæði laga 77/1970 verða þannig talin gilda um þau efni, sem mál þetta er höfðað út af, þ. e. lysergíð (LSD) og kannabis (hash.)

Verður þá tekin afstaða til ákærunnar, að því er varðar hvern hinna ákærðu um sig, og viðurlög ákveðin.

Áærði Gestur Þorsteinsson.

Ákæruliður I, 1. Sannað er með framburði ákærða Gests og öðrum gögnum, að í febrúarmánuði 1972 stóð hann í félagi við ákærða Hlyn Höskuldsson að því, að 110 töflur af lysergíð voru fluttar frá Danmörku til Íslands og þar dreift til margra manna. Þar sem niðurstaðan er samkvæmt framansögðu, að refsíákvæði laga 77/1970 taki til lysergíðs, hefur ákærði Gestur þannig unnið til refsingar samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970.

Ákæruliður I, 2. Sannað er með framburði ákærða Gests og öðrum gögnum, að í maí 1972 veitti hann viðtöku póstsendingu með 50 töflum, er innihéldu lysergíð, og seldi þrjár af töflum þessum og varðveitti afganginn. Hann hefur þannig unnið til refsingar samkvæmt 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970.

Ákæruliðir 3—5. Sannað er, að ákærði Gestur aðstoðaði við útvegum á hashi, um 250 g, er keypt voru í Kaupmannahöfn og

póstsend til Íslands, og hashi, er keypt var í Amsterdam og sent til Íslands með Matthíasi Mogensen, en þyngd þess verður ekki ákveðin með nákvæmni, en hefur verið nokkuð á annað kíló, að hann veitti hashsendingum þessum viðtöku, er þær komu til Íslands, og átti þátt í dreifingu á þeim ásamt félögum sínum. Í ákæru (liður I, 4) er ákærði Gestur saksóttur fyrir ólöglegt atferli varðandi 3400 g af hashi, en að áliti dómsins ber Gestur ekki refsí- ábyrgð, að því er varðar þann hluta sendingarinnar, sem kom í hlut Leifs Haukssonar og félaga hans og keypt hafði verið fyrir þá.

Þetta atferli ákærða Gests, sem líta verður á sem eina brota- heild, varðar ákærða refsingu samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970.

Ákærði Gestur hefur ekki fyrr sætt neinni refsingu nema einni sekt fyrir umferðarbrot. Hann skýrði greiðlega og skilmerkilega frá atvikum við rannsókn málsins. Á hitt verður að líta, að brot hans eru stórfelld, og verður refsing hans fyrir þau ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga fangelsi 5 mánuði. Enda þótt ekki verði talið, að ávinningssjónarmið hafi aðallega ráðið gerðum hans, er þó fram komið, að hann átti hlut að því, að lysergíðtöflur og hash var látið af hendi gegn gjaldi. Þykir því rétt, að hann greiði einnig 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, en fangelsi 20 daga komi í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Gestur sætti gæsluvarðhaldsvist fyrst dagana 10. til 12. maí og aftur 17. maí til 1. júní 1972. Samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga er rétt að vist þessi, alls 17 dagar, komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson.

Ákæruliður II. Ákærði Jens Rúnar lét kaupa fyrir sig í Kaupmannahöfn hash að þyngd um 250 g, og enn fremur var keypt að ósk hans allmikið magn, sennilega yfir 1 kg af hashi, í Amsterdam og sent til Íslands með Matthíasi Mogensen, en þá tók ákærði við því og dreifði því ásamt félögum sínum, ákærða Gesti (sjá ákærul. I, 3—5) og Hlyni (ákærul. III, 3 og 5). Fyrir atferli þetta ber að refsa ákærða Jens Rúnari samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970. Hann hefur aldrei fyrr verið ákærður fyrir lagabrot. Refsing fyrir brot hans, sem telja verður stórfellt, verður ákveðið fangelsi 4 mánuði og enn fremur, þar sem ákærði lét af hendi hash gegn gjaldi, 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, er af-

plánist fangelsi 20 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Jens Rúnar sætti gæsluvarðhaldi 15. til 31. maí 1972, eða 16 daga, og er rétt samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga að vist þessi komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Hlynur Höskuldsson.

Ákæruliður III, 1. Sannað er, að ákærði Hlynur stóð í febrúar 1972 ásamt ákærða Gesti (sbr. ákærul. I, 1) að innflutningi á 110 töflum, er innihéldu lysergið, svo og að dreifingu á þeim til ýmissa manna í febrúar og mars 1972. Fyrir atferli þetta ber að refsa ákærða Hlyni samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970.

Ákæruliður III, 2. Ákærði Hlynur lýsti yfir því fyrir dómi 31. maí 1972, að hann hefði fengið póstsendar nokkrar töflur af lysergið frá Danmörku. Þessa yfirlýsingu hefur hann afturkallað við meðferð málsins. Engin önnur gögn styðja fyrri framburð ákærða um þessar sendingar. Dóminum þykir óvarlegt að telja sannað, að innflutningur þessi hafi farið fram, og telur líklegt, að afturköllun ákærða á fyrri skýrslu sé sannleikanum samkvæm. Þess má geta hér, að ákærði hefur að öllu leyti komið vel fram við rannsókn og meðferð málsins og skýrt greiðlega frá atvikum. Samkvæmt þessu verður ákærði sýknaður af þessum ákærulið.

Ákæruliður III, 3. Ákærði Hlynur umgekkst þá Gest og Jens Rúnar mikið á þeim tíma, er Jens Rúnar var í Kaupmannahöfn í apríl 1972. Hann vissi um það, er Gestur keypti hash handa Jens Rúnari, sbr. ákæruliði I, 3 og II. Hins vegar verður ekki séð, að Hlynur hafi liðsinnt þeim neitt við kaup þessi, og þykir rétt að sýkna hann af þessum ákærulið.

Ákæruliður III, 4. Hér er ákærði Hlynur saksóttur fyrir það, að hann hafi í maíbyrjun 1972 veitt viðtöku 2 bréfum frá Danmörku, innihaldandi samtals 20 g af kannabis, og selt af efni þessu 10 g til Stefáns Inga Jónssonar. Engin gögn styðja þennan ákærulið, og verður Hlynur sýknaður af þessu atriði. Þess má geta, að þegar Hlynur gaf fyrst skýrslu fyrir lögreglu um sölu sína á hashi til Stefáns Inga, sagðist hann hafa fengið hash sent í tveimur bréfum, en hér var um fyrirlátt einn að ræða, þar sem ákærði vildi þá leyna vitneskju sinni um hashpakkann, er fluttur hafði verið til landsins með Matthíasi Mogensen, en hashið, sem ákærði seldi Stefáni Inga, var í raun réttir úr þeim pakka, sbr. næsta lið hér á eftir.

Ákæruliður III, 5. Ákærði fékk nokkuð af hashi Jens Rúnars í hendur, neytti hluta af því, en nokkurn hluta gaf hann öðrum, en seldi sumum, oftast fyrir 250 kr. hvert gramm. Með atferli þessu hefur ákærði brotið gegn 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970.

Brot ákærða verða að teljast stórfelld, og verður refsing ákærða, sem ekki hefur fyrr verið kærður fyrir lagabrot, ákveðin með hliðsjón af 77 gr. alm. hegningarlaga fangelsi 4 mánuði. Þar sem ákærði lét af hendi lysergið og hash gegn gjaldi, ber einnig að dæma hann til þess að greiða 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi 16 daga (15.—31. maí 1972), og er samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga rétt, að vist þessi verði dregin frá refsivist hans.

Ákærði Örn Ingólfsson.

Ákæruliður IV. Ákærði Örn Ingólfsson hefur framið brot það, sem í ákærulið þessum greinir, þ. e. fengið Jens Rúnar Ingólfsson til þess að kaupa fyrir sig hash fyrir 35.000 krónur, og hefur hash það, sem hann fékk í hendur eigi vegið miður en 250 g, en hash þessa neytti ákærði sjálfur og veitti öðrum án endurgjalds, og litið eitt af því fannst heima hjá honum. Missagt er í ákæru, að ákærði hafi fleygt hluta af efninu.

Atferli ákærða Arnar varðar við 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970, og verður refsing ákærða, sem aldrei hefur fyrr verið kærður fyrir lagabrot, ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og greiðist sektin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en aflánist ella varðhaldi 15 daga.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson.

Ákæruliður V. Ákærði Sigurður Tómas og Jens Rúnar sömdu um það, áður en Jens fór utan, að Jens keypti nokkuð af hashi fyrir Sigurð Tómas. Sigurður Tómas fékk síðan afhent hash, svo sem um var samið, fyrir 15.000 kr., en fékk auk þess keypt til viðbótar hjá Jens Rúnari fyrir 10.000 kr. Samtals hefur þyngd hash þessa verið 100—130 g. Af hashi þessu gaf ákærði Sigurður Tómas ýmsum, en seldi þremur, að því er telja verður, um 60 g fyrir 13.500 kr.

Svo sem krafist er í ákæru, ber að refsa ákærða Sigurði Tómasi fyrir brot gegn 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970. Sigurður Tómas hefur ekki fyrr sætt refsingum, er hér skipta máli. Verður refsing hans ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald

15 daga í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Harald Guðberg Haraldsson.

Ákæruliður VI. Ákærði Harald Guðberg hefur framið brot það, sem hann er saksóttur fyrir í þessum ákærulið, þ. e. afhent Jens Rúnari 15.000 kr. til hashkaupa, áður en Jens Rúnar fór utan, veitt síðan viðtöku sennilega um 60 g af efninu og neytt þess og veitt ýmsum, án þess endurgjald kæmi fyrir, en loks tortímt hluta af efninu. Varðar þetta ákærða refsingu samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970. Ákærði hefur ekki fyrr sætt refsingum, er hér skipta máli Verður refsing hans ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Í málinu eru tvenns konar kröfur hafðar uppi um upptöku á verðmætum: a) krafa um „upptöku á andvirði þess efnismagns, sem þeir seldu eða afhentu gegn gjaldi“, og b) krafa um upptöku þeirra fíkniefna og tækja til neyslu þeirra, sem hald var lagt á.

Um a). Að áliti dómsins hefði í ákæru þurft að tilgreina, hvaða fjárhæðum upptöku krafist væri á, og gera nánari grein fyrir, á hendur hverjum hinna ákærðu krafa væri gerð, en eins og ákæra er orðuð, virðist krafa gerð á hendur öllum hinum ákærðu, þar á meðal þeim, sem ekkert efni létu af hendi gegn gjaldi. Umrædd kröfugerð samræmist því ekki reglum laga um meðferð opinberra mála um skýra mörkun sakarefnis og krafna á hendur sökunaut (sbr. 115. gr. laga 82/1961), og verður kröfunni því vísað frá dómi.

Um b). Samkvæmt 5. gr. laga 77/1970 ber að gera upptæk þau efni, sem ólöglega hafa verið flutt til landsins og hald hefur verið lagt á, og samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 69. gr. alm. hegningarlaga ber einnig að gera upptækar reykjarpípur og pípuhluta, er taldir eru hafa verið notaðir til hashreykinga. Í V. kafla málátvikalýsingar er grein gerð fyrir þeim efnum og munum, sem hald var lagt á. Í 5. lið upptalningarinnar eru taldar 405 töflur, sem ákæra tekur ekki til, enda reyndust þær ekki innihalda kunn fíkniefni. Efni það, sem talið er í 6. lið (hash, fundið hjá Erni Ingólfssyni), hefur farið forgörðum við efnafræðirannsóknina. Verða þannig gerð upptæk efni þau og munir sem hér segir:

- 1) Hash, 6.3 g, sem hald var lagt á í Stórholti 19.
- 2) Hash, samtals 140.1 g, fundið í Brautarholti 20.
- 3) 45 töflur af lysergíð, fundnar í Brautarholti 20.
- 4) Leirpípa, tekin af ákærða Hlyni.
- 5) Þrír pípuhausar, fundnir á Fjólugötu 19.

6) Reykjarpípa, fundin á Sólvallagötu 31.

Samkvæmt 141. gr. laga 82/1961 ber að dæma ákærðu til að greiða sakarkostnað þannig:

Ákærðu Gestur og Hlynur greiði in solidum til verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, málsvarnarlaun hans og þóknun fyrir réttargæslu, meðan ákærðu sættu gæsluvarðhaldi, kr. 50.000.00.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson greiði málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun verjanda síns, Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00.

Ákærðu Örn Ingólfsson og Harald Guðberg Haraldsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu allir in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Gestur Þorsteinsson sæti fangelsi 5 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 17 dagar. Hann greiði einnig 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson sæti fangelsi 4 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 16 dagar. Hann greiði einnig 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Hlynur Höskuldsson sæti fangelsi 4 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 16 dagar. Hann greiði einnig 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Örn Ingólfsson greiði til ríkissjóðs 40.000 króna sekt, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson greiði til ríkissjóðs 30.000 króna sekt, og komi 15 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Harald Guðberg Haraldsson greiði til ríkissjóðs 20.000 króna sekt, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk eru ríkissjóði til handa fíkniefni og tæki til neyslu þeirra, er hald var lagt á við rannsókn málsins, þ. e. 146.4 g hash, 45 töflur af lysergíð, tvær pípur og þrír pípuhausar.

Ákærðu Gestur Þorsteinsson og Hlynur Höskuldsson greiði in solidum réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00.

Ákærðu Örn Ingólfsson og Harald Guðberg Haraldsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu allir in solidum.
